

Rekstrarleyfi fyrir Barnaheimilið Ós

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Barnaheimilinu Ósi kt. 641073-0329 leyfi til að áframhaldandi reksturs Barnaheimilisins Ós, í húsnæði að Skerplugötu 1, 101 Reykjavík.

Fyrir liggja teikningar af húsnæðinu að Skerplugötu 1. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 48 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 7 börn á aldrinum 12 – 18 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Athugasemdir eru frá Vinnueftirliti um burð á leirtau og mat á milli hæða sbr. lög og reglur 499/1994: Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar gr. 3, 4 og 5.

Skóla- og frístundasvið gerir þá kröfu vegna athugasemda Vinnueftirlitsins að börnin matist á 1. hæð hússins, þeirri hæð sem eldhúsið er staðsett á.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010 með síðari breytingum, um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2011.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests.

Reykjavík, xx. apríl 2019

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.